

Héraðsdómur Reykjaness

Dómur 31. maí 2023

Mál nr. S-1471/2022:

Ákærvaldið

(Sigurður Ólafsson aðstoðarsaksóknari)

gegn

X

(Ómar R. Valdimarsson lögmaður)

Dómur:

I

Mál þetta, sem dómtekið var 12. maí 2023, að lokinni aðalmeðferð, er höfðað af héraðssaksóknara með ákæru dags. 11. ágúst 2022 á hendur ákærða X, kt. [...], [...].

Ákærða er gefin að sök nauðgun, með því að hafa að morgni sunnudagsins 23. maí 2021, í svefnherbergi A, kt. [...], að [...], eftir að A var sofnuð og án hennar samþykkis, haft við hana samræði og notfært sér að þannig var ástatt um hana að hún gat ekki spornað við verknaðnum sökum svefndrunga.

Telst þetta varða við 2. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Einkaréttarkrafa:

Af hálfu A, kt. [...], er gerð sú krafa að ákærða verði gert að greiða henni miskabætur og málskostnað að fjárhæð kr. 5.000.000,- auk vaxta samkvæmt 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001, frá 23. maí 2021, en með dráttarvöxtum, skv. 9. gr., sbr. 6. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001, frá þeim degi er mánuður er liðinn frá því að bótakrafa þessi er birt og til greiðsludags. Þá er þess krafist að kærða verði gert að greiða málskostnað að mati dómsins eða samkvæmt síðar framlögðum málskostnaðarreikningi, að viðbættum virðisaukaskatti á málflutningsþóknun.

II

Málavextir.

Brotapoli, A, leitaði á bráðamóttöku í [...] sunnudaginn 23. maí 2021 og fékk viðtal við hjúkrunarfræðing sem hafði samband við Neyðarmóttöku Landspítalans og var brotapolan bent á að koma þangað í skoðun sem og hún gerði. Brotapoli fór í skoðun á Neyðarmóttöku vegna kynferðisofbeldis á bráðamóttöku Landspítala kl. 16:00 sama dag. Þar lýsti hún því fyrir hjúkrunarfræðingi að eftir að hafa verið í samkvæmi kvöldið áður hafi hún farið ásamt unnusta sínum heim til þeirra í [...] og skömmu seinna hafi vinur þeirra, ákærði í máli þessu, komið þangað. Brotapoli kvaðst hafa þekkt hann síðan hann var tólf ára og ákveðið hafi verið að hann myndi gista heima hjá þeim en ákærði hefði áður gert það. Brotapoli og unnusti hennar hafi verið orðin þreytt og farið inn í herbergi og lokað á eftir sér. Þau hafi reynt að læsa hurðinni en það ekki tekist. Þau hafi sett af stað mynd í tölvunni og farið að sofa en þá hafi klukkan líklega verið á milli 03:00 og 04:00. Brotapoli kvaðst hafa verið nakin þegar hún hafi farið að sofa. Hún kvaðst síðan hafa vaknað við það að ákærði hafi verið kominn upp í rúm til þeirra, legið á hliðinni og verið að hafa samfarir við brotapolu um leggöng. Hún hafi stokkið upp og ofan á unnusta sinn sem hafi vaknað og hún sagt honum hvað hefði gerst. Brotapoli og unnusti hennar hafi ekkert skilið í því hvað ákærði hafi verið að gera inn í þeirra herbergi. Unnusti brotapolu hafi spurt ákærða hvað hann hafi verið að gera og hann hafi svarað að það hafi ekkert gerst hann hafi bara verið sofandi. Ákærði hafi síðan yfirgefið íbúðina en brotapoli vissi ekki hvert ákærði hefði farið. Þá hafi klukkan verið 07:00 til 08:00. Unnusti brotapolu hafi hringt í ákærða eftir að hann fór og spurt hvað hann hafi verið að gera og hann hafi sagt að það hefði ekkert gerst.

Í skýrslu hjúkrunarfræðings á Neyðarmóttöku segir að brotapoli hafi ekki verið sjáanlega undir áhrifum áfengis eða annarra vímuefna og skýr í frásögn og yfirveguð. Tekið var blóð- og þvagsýni úr henni og áfengismagn í þvagi reyndist vera 0,25 o/oo en ekkert í blóði. Benzóýlekgónin, sem er umbrotsefni kókaíns og greinist lengur en kókaín í blóði og þvagi, mældist í blóði brotapolu sem bendir til neyslu nokkru áður en sýni voru tekin. Lífsýni voru einnig tekin á bráðamóttöku af brotapolu til rannsóknar en um var að ræða tvö sýni úr leggöngum hennar eða nánar tiltekið af innri börmum og mið leggöngum. Voru þau ásamt samburðarsýnum af henni, unnusta hennar og ákærða send til Svíþjóðar til rannsóknar. Niðurstaða rannsóknarinnar var sú að sáðfrumur komu fram í báðum

sýnunum. Magn í sýni af innri börmum var mjög lítið og í því kom ekki fram DNA snið sem var hægt að samkenna við einstakling. Í sýninu voru þekjufrumur og var DNA snið þeirra samkennt við brotþola. Í sýni úr mið leggöngum var blanda af DNA sniði frá a.m.k. tveimur einstaklingum. Hluti þess sýnis var samkennt við DNA snið ákærða og hluti við snið brotþola. Niðurstöður sýndu það greinilega að DNA snið sýnisins verður ekki rakið til unnusta brotþola.

Farsími ákærða var tekinn til rannsóknar og var þar sérstaklega horft til 23. maí 2021 frá miðnætti til kl. 12:00. Á því tímabili voru 21 símtal og þar af 16 myndsímtöl öll í gegnum Facebook Messenger. Fyrstu samskiptin á milli ákærða og brotþola var myndsímtal frá brotþola kl. 04:59 og síðan aftur myndsímtal frá henni kl. 05:10. Brotþoli hringdi síðan myndsímtal kl. 05:29 en því var ekki svarað og kl. 07:20 hringdi ákærði myndsímtal sem ekki var svarað. Önnur notkun á símanum sýndi að kl. 07:04 var tekið upp nýu sekúndna myndband sem sýnir karlmann sjúga hvítt duft í aðra nösina. Á meðan myndbandið var tekið upp var tekin ljósmynd sem sýnir það sama. Þá var hreyfiskynjari símans (Activity Sensor Data) skoðaður og var regluleg hreyfing á símanum frá miðnætti til kl. 05:27. Næsta skráða hreyfing var kl. 06:11. Lögregla telur að meðan þetta hlé var á hreyfingu símans hafi ákærði verið í leigubifreið á leið til brotþola. Eftir það var regluleg en þó lítil hreyfing á símanum til kl. 07:57. Engin hreyfing mælist svo fyrr en kl. 10:23 og kl. 10:45 kemur aftur hlé á hreyfingu í 38 mínútur eða til kl. 11:23. Lögregla telur að í þessu hléi geti ákærði hafa verið í leigubifreið á leið heim til sín.

Farsími brotþola var einnig rannsakaður og í símanum mátti sjá fjögur myndsímtöl hennar við ákærða í gegnum Facebook Messenger að morgni 23. maí 2021. Samkvæmt skýrslu lögreglu á brotþoli að hafa hringt í ákærða kl. 05:49 en á líklega að vera 04:49 og stóð samtalið í tvær sekúndur. Hún hringdi aftur í ákærða kl. 05:10 og það samtal stóð í 11 mínútur. Ákærði hringdi svo í brotþola kl. 05:39 en hún svaraði ekki. Hún hringdi síðan í ákærða kl. 07:20 en hann svaraði ekki.

Í síma brotþola voru einnig samskipti hennar við ákærða 25. maí 2021 frá kl. 10:47 til kl. 11:40. Þar biður ákærði brotþola að heyra í sér þar sem hún sé vinkona hans og hún viti að ákærði myndi aldrei gera henni illt. Brotþoli spyr þá hvernig þetta hafi þá gerst og af hverju hún hafi vaknað við þetta frá ákærða. Hún hafi aldrei búist við þessu frá vini

sínum. Ákærði segir að honum líði hræðilega vegna þessa og kærasta hans sé búin að henda honum út. Þá segir brotápoli að ákærði sé ekki einn um að líða illa og það hafi verið mjög skýrt að hún og unnusti hennar hafi verið að fara að sofa og ákærði ætti ekki að koma inn til þeirra. Samt hafi hann komið þangað og þetta hafi gerst án samþykkis brotþola. Þetta hafi verði langt yfir öll strik og versta sem ákærði hafi getað gert brotþola eða meira að segja þeim þ.e. brotþola og unnusta hennar.

Brotápoli upplýsti lögreglu um að þáverandi kærasta ákærða hafi haft samband við brotþola á Instagram og þær rætt atvikið. Samskiptin fundust ekki á Instragram í síma brotþola en hún sagðist hafa tekið skjáskot af þeim. Þau voru tekin 26. maí 2021 kl. 23:27 en sjá mátti á skjáskotunum að kærasta ákærða hafi sent brotþola skilaboð 25. maí 2021 kl. 08:51. Kærasta ákærða biður brotþola að segja sér hvað hafi gerst og tekur fram að hún sé ekki reið við brotþola enda hafi kærastan ekkert við brotþola að sakast. Brotápoli segist lítið langa til þess að rifja þetta upp en í stuttu máli hafi hún og unnusti hennar farið inn í herbergi og sagt skýrt við ákærða að þau væru að fara að sofa og hann ætti ekki að koma inn til þeirra. Brotápoli hafi svo vaknað með eitthvað inn í sér og haldið að það væri unnusti hennar en þegar hún hafi opnað augun hafi hann legið steinsofandi fyrir framan hana. Hún hafi þá áttað sig á því hvað væri í gangi og stokkið á unnusta sinn til að vekja hann. Brotápoli sagðist ekki skilja þetta því ákærði væri vinur þeirra beggja og hún hafi meira að segja greitt fyrir leigubifreið fyrir hann til Keflavíkur því henni hafi þótt vænt um hann.

Ákærði gaf skýrslu hjá lögreglu 12. ágúst 2021. Hann sagði að brotápoli og unnusti hennar hafi hringt í ákærða og beðið hann að koma til þeirra en hann ekki verið alveg tilbúinn í það vegna kostnaðar við það. Þá hafi brotápoli boðist til að borga leigubifreið fyrir ákærða en unnusti brotþola hafi verið besti vinur ákærða. Hann kvaðst hafa verið undir áhrifum þegar hann hafi farið til brotþola og verið búinn að drekka bjór og Vodka og fá sér tvær línur af kókaíni. Ákærði hafi líklega farið til brotþola og unnusta hennar um kl. 05:00 til 06:00, þau setið, rætt saman og hlustað á tónlist. Þau hafi drukkið áfengi og fengið sér kókaín og ákærða og unnusti hennar hafi einnig verið að reykja „gras“ og fleira en ekki ákærði. Það hafi verið mikið af áfengi og einnig fíkniefni hjá öllum. Ákærði taldi að hann hafi verið búinn að vera hjá brotþola í um þrjár klukkustundir þegar hún og unnusti hennar hafi farið inn í herbergi að sofa og hann farið inn í annað herbergi.

Hann muni ekki klukkan hvað það hafi verið en hann hafi hringt í kærustu sína á Facetime og fróað sér með henni. Síðan hafi hann „dáið“ en vaknað inn í herbergi brotþola og unnusta hennar og brotþoli hafi verið að hrista rúmið og unnusta sinn. Ákærði mundi ekki eftir því að hafa farið inn í herbergi brotþola. Hann hafi verið nakinn, á hliðinni og brotþoli grátandi þegar ákærði hafi vaknað. Unnusti brotþola hafi ekki skilið hvað hún hafi verið að segja og farið inn í annað herbergi til að halda áfram að sofa. Ákærði hafi farið á eftir honum og farið í föt. Brotþoli og unnusti hennar hafi rætt eitthvað saman og hann sagt við ákærða að hann þyrfti að fara sem hann hafi og gert. Ákærði hafi síðan fengið hringingu frá unnusta brotþola og hann sagt við ákærða að hann hafi nauðgað brotþola en það sé ekki rétt. Ákærði sagði að sér hafi fundist að það hafi verið brotið á honum þar sem hann hafi ekki nauðgað brotþola viljandi. Ákærði hafi átt kærustu á þessum tíma og þetta hafi bara verið eitthvað ölvunar kjaftæði. Ákærði kvaðst ekki vita hvort hann og brotþoli hafi sofið saman og hann viti ekki til þess að hann hafi sett getnaðarlim sinn inn í brotþola. Fötin hans hafi verið í herberginu þar sem hann hafi „dáið“.

Ákærði kvaðst hafa reynt að ræða við brotþola eftir atvikið og verið að reyna að fá hana til þess að átta sig á því að ákærði hafi ekki nauðgað henni. Brotþoli hafi ekki viljað ræða við ákærða. Hann kvaðst hafa sagt kærustu sinni frá því sem hefði gerst þ.e. að hann hafi vaknað í rúmi brotþola. Hann kvaðst ekki hafa játað neitt í samskiptum sínum við brotþola eftir atvikið enda hafi hann ekki gert neitt af sér vísvitandi. Ákærða kvaðst hafa liðið illa eftir atvikið og leitað til sálfræðings.

Ákærði gaf aftur skýrslu hjá lögreglu 10. nóvember 2021. Þar var honum kynnt að DNA snið hans hefði fundist í sýni sem hafi verið tekið úr leggöngum brotþola. Hann vildi ekki tjá sig um það.

Loks var tekin skýrsla af ákærða hjá lögreglu 7. júní 2022 og þar vildi hann hvorki breyta fyrri framburði sínum né bæta við hann. Aðspurður sagðist hann aldrei hafa sofið í sama rúmi og brotþoli og unnusti hennar en ákærði hafi oft sofið í sama rúmi og unnusti brotþola. Hann kvaðst ekki hafa fengið skýr skilaboð um það að fara ekki inn í herbergi brotþola og unnusta hennar þegar þau hafi farið að sofa í umrætt sinn. Undir ákærða var borið myndband sem fannst á farsíma hans og tekið var 23. maí 2021 kl. 07:04 þar sem

unnusti brotþola sést vera að taka línu af hvítu efni af rasskinn brotþola. Ákærði sagði að þetta myndband hafi verið tekið um morguninn sem atvikið, sem ákært er vegna, hafi átt sér stað og það geti ekki verið að myndbandið hafi verið tekið upp á öðrum tíma. Brotþoli og unnusti hennar hafi vitað að ákærði hafi verið inni í herberginu þar sem myndbandið var tekið og þau hljóti að hafa vitað að upptaka væri í gangi. Ákærði sagði að hvíta efnið hafi verið kókaín. Hann sagðist hafa stundað kynlíf með einni konu, sem hann hafi verið með í fjögur ár, þegar hann hafi verið sofandi og líklega í fimm til tíu skipti.

III

Sálfræðivottorð vegna brotþola.

Í vottorði Ragnheiðar Ragnarsdóttur sálfræðings dags. 11. september 2021 segir að brotþola hafi verið vísað í sálfræðilegt mat og áfallahjálp hjá sálfræðipjónustu Neyðarmóttökunnar af hjúkrunarfræðingi á bráðamóttöku Landspítalans. Sálfræðingurinn kveðst fyrst hafa rætt við brotþola 23. maí 2021 og hún hafi síðan komið í þrjú viðtöl frá 8. júní til 31. ágúst sama ár. Í viðtölunum hafi afleiðingar meints kynferðisbrots verið metnar og fylgst með andlegu ástandi brotþola þ.m.t. einkennum áfallastreituröskunar eftir meint brot og samslátt við aðrar geðraskanir. Í fyrsta viðtalinu hafi brotþoli sagt frá líðan sinni síðan meint kynferðisbrot hafi átt sér stað og hún hafi skýrt frá miklum svefnerfiðleikum og skertri matarlyst. Í viðtalinu hafi brotþoli verið opinská, trúverðug og samkvæm sjálfri sér. Hún hafi síðan lýst hinu meinta kynferðisbroti sem hún hafi verið mjög hissa á þar sem meintur gerandi hafi verið vinur hennar og hún ekki trúað þessu upp á hann. Eftir brotið hafi brotþoli upplifað hjálparleysi, hræðslu, skömm og óöryggi. Upplifun og viðbrögð brotþola hafi endurspeglað þau viðmið sem lögð séu til grundvallar fyrsta viðmiðs í greiningu áfallastreituröskunar. Í viðtölum hafi brotþoli greint frá einkennum áfallastreitu og endurupplifunareinkennum. Þá sérstaklega tíðum ágengum minningum um meint brot og sterkum líkamlegum viðbrögðum þegar eitthvað minnti hana á brotið. Þá hafi brotþoli greint frá forðunareinkennum en hún hafi forðast að hugsa og tala um atburðinn. Hún hafi einnig forðast fólk að ótta við að aðrir myndu minna hana á atburðinn og þá greindi hún frá neikvæðum viðhorfum til annarra, sjálfsásakandi hugsunum og neikvæðum tilfinningum t.d. skömm og ótta. Þá hafi brotþoli greint frá því að hún hafi upplifað

áhugaleysi og átt erfitt með að upplifa jákvæðar tilfinningar. Einnig hafi hún lýst þirringi af litlu tilefni og einbeitingar- og svefnerfiðleikum.

Í vottorðinu segir að ofangreind einkenni hafi valdið brotaþola miklu uppnámi og truflun í daglegu lífi. Hún hafi haldið sér upptekinni frá meintu kynferðisbroti til að hafa lítið svigrúm til að hugsa um meint brot. Þá hafi hún reynt að vera sem minnst heima hjá sér því þar hafi brotið átt sér stað. Hún hafi misst mikið úr vinnu eftir atvikið og loks þurft að hætta þar vegna slæmrar mætingar. Í viðtalinu 31. ágúst 2021 þegar liðnir hafi verið rúmlega þrjú mánuðir frá meintu broti hafi brotaþoli enn þá verið með alvarleg áfallastreitueinkenni. Hún hafi upplýst að hún ætti ekki fyrri áfallasögu.

Staðlaðir sjálfsmatskvarðar voru notaðir til að meta einkenni áfallastreituröskunar, depurðar, kvíða og streitu ásamt svefnvanda. Brotaþoli fyllti út í þrjú skipti þrjú sjálfsmatskvarða. Niðurstöður bentu til þess að brotaþoli væri með miðlungs, alvarleg og mjög alvarleg þunglyndis- og streitueinkenni og mjög alvarleg einkenni um kvíða. Þá kom fram vísbending um miðlungs og alvarlegan svefnvanda. Niðurstöður sjálfsmatskvarðanna samsvöruðu vel frásögnum brotaþola í viðtölum. Hún hafi verið trúverðug og samkvæm sjálfum sér.

Í samantekt vottorðs sálfræðingsins segir að sálræn einkenni brotaþola í kjölfar áfallsins samsvari einkennum sem þekkt séu hjá fólki sem hafi upplifað alvarleg áföll eins og líkamsárás, nauðgun, stórslys eða hamfarir. Ekki sé hægt að segja með vissu hver áhrif meints kynferðisbrots verði þegar til lengri tíma sé lítið en ljóst sé að atburðurinn hafi haft víðtæk áhrif á líðan brotaþola.

IV

Matsgerðir.

Með matsbeiðni dags. 12. október 2022 fór verjandi ákærða fram á að dómkvaddur yrði matsmaður til að meta atriði varðandi kynferðislega svefnröskun (sexsomnia) sem ákærði segist vera haldinn. Meta skyldi hvort svefnraskanir sem ákærði og tveir kvenmenn hafi lýst í skýrslutökum í tengslum við mál þetta geti orsakað óviljandi og ósjálfráða kynferðislega hegðun eða kynlíf með öðrum einstaklingi. Þá skyldi lagt mat á það hvort ástand ákærða hafi verið með þeim hætti að svefnröskun teljist valda

rænskerðingu eða annars samsvarandi ástands, sem leiði til þess að þær athafnir sem framkvæmdar eru í viðkomandi ástandi, séu ekki unnar með meðvituðum vilja eða á grundvelli ákvörðunar ákærða. Í kjölfar matsbeiðni ákærða var þess óskað af hálfu ákæruvaldsins að því yrði svarað af matsmanni hvort ætla megi að ákærði sé haldinn kynferðislegri svefnröskun og hvort ætla mætti að hann geti átt kynferðislegt samneyti við annan einstakling þegar hann sefur. Ef ákærði gæti það var óskað eftir mati á nokkrum atriðum til viðbótar þ. á m. því hvort telja megi að ákærði hafi verið sofandi og ómeðvitaður um eigin gjörðir þegar hann hafi haft samfarir við brotþola 23. maí 2021.

Með ákvörðun dómsins 17. október 2022 var [...] sálfræðingur dómkvödd til að framkvæma hið umbeðna mat. Matsgerð hennar er dagsett 2. janúar 2023 og henni fylgdi svefnrannsókn.

Í matsgerðinni segir að „sexsomnia“ sé svefnröskun sem eigi sér stað í djúpsvefni og lýsi sér þannig að manneskja sýni kynferðislega tilburði eða kynferðislega hegðun í svefni sem hún muni ekki eftir þegar hún vaknar. Algengt sé að þeir sem þjáist af þessari röskun þjáist einnig af öðrum svefnvanda og þar sé lang algengast að vera með tíðar uppvaknanir (arousals) sér í lagi í djúpsvefni. Einnig sé kæfisvefn nokkuð algengur meðal þeirra sem sýni kynlífstengda hegðun í svefni. Einstaklingar með þessa röskun muni sjaldnast eftir því að hafa sýnt kynferðislega tilburði í svefni. Algengar kveikjur þess að einstaklingar sýni kynferðislega hegðun í svefni séu neysla áfengis og fíkniefna, svefnskortur, álag, breytingar á sólarhringstakti eða svefnraskanir á borð við kæfisvefn, fótaóeirð og fótakippi. Flestir sjúklingar eigi sér sögu um svefngöngu, næturtrylling (Night terror) eða að tala upp úr svefni. Þegar kynferðisleg hegðun eigi sér stað í svefni gerist það oftast fljótlega eftir að viðkomandi sofnar þar sem djúpsvefn sé ríkjandi fyrri hluta nætur. Algengt sé að svefnrannsókn hjá þeim sem glími við þessa röskun sýni uppvaknanir úr djúpsvefni sem annars sé óalgengt að sjá.

Í matsgerðinni kemur fram að ákærði hafi farið 15. nóvember 2022 í inniliggjandi svefnrannsókn á Landspítala með heilariti og myndbandsupptöku til að meta svefntengdar raskanir í tengslum við mögulega svefntengda kynhegðun (sexsomnia). Ályktun læknis og sérfræðings í svefnrannsóknnum hafi verið sú að tíðar uppvaknanir ákærða úr djúpsvefni sem tengjast truflunum á heilariti sé í samræmi við það að ákærði

geti verið haldinn svefnröskun tengt djúpsvefni (NREM parasomnias) líkt og að sýna kynferðislega hegðun í svefni (sexomnia). Þá kemur fram að einstaklingar sem haldnir séu þessari röskun muni sjaldnast eftir því að hafa sýnt kynferðislega tilburði í svefni.

Í niðurstöðum matsgerðarinnar kemur fram að ætla megi að ákærði sé haldinn kynferðislegri svefnröskun (sexomnia) miðað við klíníska sögu, framburð aðstandenda og svefnrannsókn. Slíkir einstaklingar eigi gjarnan samneyti við annan einstakling í svefni og það geti þeir gert án þess að vera meðvitaðir um það eða muna eftir því eftir á. Þeir sem þjáist af kynferðislegri svefnröskun komi sér ekki sjálfir í það ástand heldur séu þeir ómeðvitaðir um gjörðir sínar. Matsmaður kveðst ekki geta lagt mat á einstakan atburð þ.e. þann sem um ræðir í þessu máli en ákærði hafi átt að vera meðvitaður um að hann kynni að komast í slíkt ástand umrætt sinn þar sem hann eigi sögu um kynferðislega hegðun í svefni og að ganga í svefni sér í lagi þegar hann er undir áhrifum áfengis og vímuefna. Matsmaður segir að ákærði hafi átt að geta gripið til ráðstafana til að forðast það að komast í þetta ástand miðað við sögu hans. Hann hefði getað læst herbergi sínu eða upplýst vini sína um að hann ætti þetta til og þá áhættu sem af því stafi að sofa í sömu íbúð og hann. Aftur á móti eigi hann ekki sögu um að sýna kynferðislega tilburði í svefni við aðra en maka sína og því kunni að vera að hann hafi ekki gert sér grein fyrir því að þessi hegðun gæti átt sér stað í þeim aðstæðum sem voru fyrir hendi í umrætt sinn.

Þegar matsgerð lá fyrir fór héraðssaksóknari fram á það að dómkvaddir yrðu tveir sérfræðilæknar til að framkvæma yfirmat og þeim yrði gert að leggja mat á sömu úrlausnarefni og leyst var úr í undirmati. Með ákvörðun dómsins 3. febrúar 2023 voru dómkvaddir til að framkvæma yfirmat [...] taugalæknir og klínískur taugalífeðlisfræðingur og [...] geðlæknir.

Yfirmatsgerð er dags. 5. apríl 2023. Þar eru m.a. atvik málsins rakin, svefnsaga ákærða, viðtöl við konur sem hafa verið í sambandi við ákærða, viðtal við kærasta brotþola og einnig er fræðileg umfjöllun í matsgerðinni.

Þar kemur fram að Parasomnia sé heiti á ósjálfráðum fyrirbærum og hegðun sem geti átt sér stað í svefni og þá yfirleitt síðla nætur. Undir hugtakið falli m.a. að ganga í svefni, gnísta tönnum, ósjálfráðar hreyfingar, hræðsluköst (næturtryllingur) með skyndilegum

ópum og köllum og ýmis konar kynferðislegt athæfi svo sem að leita á maka, tilraunir til sjálfsfróunar, sem er algengast, en sem sjaldnast er lokið og tilraunir til að leita samfara með rekkjunaut sínum og við samþykki maka jafnvel haft samfarir. Þegar viðkomandi einstaklingur vaknar síðan eða er vakinn í þessu ástandi hafi hann ekki vitneskju um hug sinn, gerðir eða sé meðvitaður um framkvæmdir sínar né hefur minni til þeirra. Yfirmatsmenn telja að ákærði geti þegar hann sé í venjulegum svefni við venjulegar svefnaðstæður sýnt af sér tilburði til kynlífs í svefni og framkvæmt slíkt í svefni án þess að vera meðvitaður um það eða minnst þess daginn eftir. Þeir telja þó að aðstæður hafi verið þannig þegar ákærði framdi brot sitt að „dæmigerð“ svefnröskun af völdum parasomniu skýri ekki einvörðungu eða að fullu gjörðir hans í umrætt sinn. Þá hafi ekki verið til staðar venjulegar svefnaðstæður venjulegs nætursvefns og mjög óvenjulegar aðstæður þar sem áhrifamiklir þættir á svefn, svo sem svefnleysi, aukin kynhvöt og hvatvísi verið til staðar vegna áfengis- og fíkniefnaneyslu og hafi þetta verið veigamiklir áhrifaþættir. Þá segja matsmenn að atburðarásin eins og henni er lýst af ákærða, brotaþola og kærasta brotaþola líkist ekki þeim óhnitmiðuðu einkennum eða hegðun sem lýst sé í „hefðbundnum“ klínískum lýsingum á parasomniu og/eða sexsomniu tilvikum, sem hefur verið lýst af aðstandendum við venjulegan svefn í rannsóknum og heimildum og ólíkt þeim fáu dæmum sem hefur verið lýst með myndbandsrannsóknum á svefnrannsóknarstofum. Atburðarrásin í umrætt sinn sé um margt mjög svipuð og sé að finna í lög/læknisfræðilegum greinum þar sem fjallað sé um meinta sexsomniu í meðferð dómstóla á meintum nauðgunarbrotum í USA, UK, Kanada og Svíþjóð sem yfirmatsmenn kynntu sér.

Að mati yfirmatsmanna er atburðarrásin þegar ákærði framdi brot sitt of flókin í tíma, of flókin húsnaðislega, of einbeitt og markmiðsmiðuð til að geta skýrst einvörðungu af parasomniu ástandi. Veiðamiklir meðvirkandi áhrifaþættir fyrir aukinni kynhvöt og hvatvísi hjá ákærða hafi verið áfengis- og kókaínnotkun. Minnisleysi ákærða geti fremur skýrst af minnistapi vegna áfengisnotkunar en parasomniu.

Í svari við matsspurningum kemur fram að yfirmatsmenn telji að ákærði geti í venjulegum svefni við hefðbundnar svefnaðstæður sýnt af sér ósjálfráða kynferðislega hegðun í svefni svonefnda parasomniu/sexsomniu. Þegar ákærði sofi við venjulegar svefnaðstæður og nái svefnstigi NREM3 geti hann haft kynmök við maka sem er

móttækilegur fyrir kynmökum á þeirri stundu og framkvæmir þau á þeim forsendum sem sexsomniu kynmökum fylgi. Hins vegar telja yfirmatsmenn ekki að svefnröskun, parsomnia/sexsomnia, megin orsök ástands ákærða við brot hans né skýri hegðun hans að fullu. Yfirmatsmenn telja ósennilegra en sennilegra að ákærði hafi verið sofandi þegar hann framdi brot sitt þar sem atburðarrásin hafi verið of meðvituð, markviss og skipulögð fyrir hefðbundin sexsomniu fyrirbæri. Atburðarrásin beri með sér skipulega leit að brotþola, frá því að rísa upp, fara úr einu herbergi í annað, gegnum ólæstar dyr og finna brotþola réttu megin í rúminu og framkvæma verknaðinn.

Þá taka yfirmatsmenn fram að við klínískt mat á því hvort parasomnia hafi átt sér stað sé lagt upp úr að viðkomandi „vakni“ þegar ástandinu lýkur, líkt og vakinn upp úr svefni og flestir séu óáttaðir og sýni furðuviðbrögð. Viðbrögðum ákærða sé lýst þannig að hann hafi lagst niður og látist sofa en síðan risið upp og yfirgefið herbergið. Ef lagt sé mat á þetta sé eins og ákærði hafi lesið í aðstæður þannig að óæskilegur gjörningur hafi átt sér stað og það teljist ekki dæmigert fyrir einstakling sem vakni upp í sexsomniu ástandi.

V

Framburður ákærða og vitna fyrir dómi.

Ákærði neitar sök en hann kvaðst hafa verið að skemmta sér kvöldið og nóttina áður en atvikið varð. Brotþoli og kærasti hennar hafi hringt í ákærða og viljað fá hann í samkvæmi á heimili sitt en hann vissi ekki hvers vegna. Daginn áður hafi hann verið á golfmóti og drukkið þar bjór og byrjað á því fyrir hádegi og þá hafi hann einnig verið búinn að neyta kókaíns þegar hann hafi komið heim til brotþola. Þar hafi þau þrjú einnig drukkið bjór og líklega öll notað kannabis og kókaín. Hann hafi líklega komið til þeirra um kl. 06:00 um morguninn og verið búinn að vera þar í þrjár til fjórar klukkustundir þegar hann hafi farið að sofa. Hann kvaðst hins vegar ekki geta gert sér grein fyrir tímalínu í málinu. Áður en ákærði hafi sofnað hafi brotþoli og kærasti hennar farið að sofa en hann kannaðist ekki við að hafa fengið skýr fyrirmæli frá þeim um það að koma ekki inn í herbergi til þeirra. Hann hafi farið inn í annað herbergi en þeirra og haft áhuga á kynlífi og því hringt tvisvar í fyrrverandi kærustu sína og viljað stunda með henni símakynlíf. Hann hafi rætt tvívegis við hana í síma og í annað skiptið verið í stofu íbúðarinnar en í seinna skiptið hafi hann verið kominn inn í herbergi og það hafi verið

rétt áður en ákærði hafi sofnað. Hann muni síðast eftir sér þar sem hann hafi verið með buxurnar á hælunum og verið að stunda sjálfsfróun inni í herberginu. Ákærði hafi síðan sofnað en vaknað aftur upp í rúmi brotþola við það að hún hafi verið að hrista kærasta sinn. Þá hafi ákærði legið nakinn á hægri hlið í rúminu og verið næst hurðinni inn í herbergið. Ákærði kvaðst ekki hafa verið með reistan getnaðarlim þegar hann hafi vaknað og hann gat ekki skýrt það hvers vegna sæði hans hafi fundist í leggöngum brotþola. Ákærði kvaðst ekki hafa verið áttaður á stað og stund þegar hann hafi vaknað en brotþoli hafi þá verið í miklu uppnámi. Ákærði kvaðst ekki hafa leitað á brotþola meðvitaður um það og því hafi ákærði ekki nauðgað henni.

Ákærði sagði að það hefði ekki gerst áður að hann hafi farið á milli herbergja til að stunda kynlíf en hann hafi gengið á milli herbergja og síðan sofnað. Hann kvaðst hafa oft áður komið í íbúð brotþola og gist þar m.a. í rúminu þar sem brotþoli og kærasti hennar hafi sofið. Það væru líklega um þrjár metrar á milli herbergjanna þar sem þau sváfu og herbergisins þar sem ákærði hafi sofnað.

Ákærði sagði að það hafi líklega gerst fyrst þegar hann hafi verið sautján ára að hann hafi stundað kynlíf í svefni. Rekkjunautar hans hafi lýst kynmökum við ákærða þegar hann hafi verið sofandi. Þegar það hafi gerst hafi hann ekki munað eftir því þegar hann hafi vaknað. Þá hafi móðir hans og systkini lýst því að hann hafi kastað af sér þvagi í svefni. Þá sé hann einnig með fótaóeirð. Ákærði sagði engar ákveðnar aðstæður hafa áhrif á það að hann stundi kynlíf í svefni. Þá hafi hann ekki haft áhyggjur af því að það myndi gerast í umrætt sinn og þetta gerist ekki frekar þegar hann sé undir áfengisáhrifum.

Vitnið og brotþolin, A, skýrði frá því að hún og kærasti hennar hafi verið í samkvæmi kvöldið áður en atvikið varð. Ákærði hafi síðan hringt í vitnið, þau ákveðið að hittast og hann komið á heimili brotþola og kærasta hennar. Vitnið kvaðst ekki hafa fylgst með klukkunni en ákærði gæti hafa komið til þeirra um kl. 06:00. Vitnið kvaðst hafa greitt fyrir leigubifreið fyrir ákærða. Vitnið lýsti því að kærasti þess hafi tekið kókaín af rasskinn vitnisins og þá hafi þau bæði verið búin að neyta áfengis um nóttina og kvöldið áður. Ákærði hafi komið með eina bjórkippu með sér og það hafi verið eina áfengið í samkvæminu. Líklega hafi verið um ein til tvær klukkustundir frá því að ákærði hafi komið til þeirra þegar brotþoli og kærasti hennar hafi verið orðin þreytt og farið að sofa.

Þegar þau hafi farið inn í herbergi til að sofa hafi þau tekið það skýrt fram við ákærða að hann ætti ekki að koma inn í herbergi til þeirra en þau hafi gert það þar sem þau hafi verið orðin þreytt og viljað fá frið. Þá hafi ákærði verið vakandi inn í stofu og meira tilbúin í að skemmta sér en brotaþoli og kærasti hennar en ákærði hafi þó ekki verið ofurölvi. Þau hafi lokað hurðinni að herbergi sínu en hún hafi verið ólæst. Þau hafi síðan kveikt á mynd í tölvu, eins og þau séu vön að gera, en síðan sofnað. Brotaþoli kvaðst síðan hafa vaknað við einhvern inn í sér með harðan getnaðarlim en hún vissi ekki hvað hún hafi verið búin að sofa lengi þegar hún vaknaði. Hún hafi haldið í fyrstu að það væri kærasti hennar sem væri inn í henni en þá séð hann fyrir framan sig og síðan séð ákærða fyrir aftan sig sem hafi verið á hreyfingu. Brotaþoli hafi komist í mikið uppnám, ýtt ákærða frá sér, stokkið á kærasta sinn og hrist hann. Ákærði hafi þá staðið upp, farið út úr herberginu, klætt sig í föt frammi en síðan farið út úr íbúðinni. Ákærði hafi verið fljótur að koma sér út úr íbúðinni og hann hafi ekki litið út fyrir að vera ringlaður. Brotaþoli og kærasti hennar hafi ekki reynt að ræða við ákærða. Brotaþoli sagði að kærasti hennar hafi sagt henni að ákærði hafi verið vakandi þegar kærasti hennar hafi vaknað og ákærði hafi sest upp. Kærasti brotaþola hafi spurt hana hvað væri í gangi og hún hafi svarað að ákærði hafi verið inn í henni. Brotaþoli sagði að rúmið sem þau hafi sofið í hafi líklega verið 160 eða 180 cm breitt og venjulega taki kærasti hennar mikið pláss í rúminu og því hafi plássið sem ákærði hafi haft ekki verið meira en 40 cm. Brotaþoli kvaðst viss um að ákærði hafi nauðgað sér viljandi. Eftir að hann hafi farið út úr íbúðinni hafi kærasti brotaþola hringt í ákærða. Eftir atvikið kvaðst brotaþoli hafa rætt við ákærða á SMS skilaboðum og einnig hafi brotaþoli rætt við þáverandi kærustu ákærða um atvikið.

Brotaþoli kvaðst hafa kynnst ákærða þegar þau hafi verið börn en síðan hafi hún kynnst honum í gegnum kærasta sinn en þeir hafi verið vinir. Það hafi aldrei verið neitt kynferðislegt á milli brotaþola og ákærða. Hún sagði að kærasti hennar og B vinur hennar hafi farið með brotaþola á Neyðarmóttöku sama dag og atvikið varð. Brotaþoli lýsti því að atvikið hefði haft mjög slæmar andlegar afleiðingar fyrir hana og hún hefði bæði leitað til sálfræðings og Stígamóta vegna málsins.

Vitnið, C sambylíismaður brotaþola, lýsti því að vitnið og brotaþoli hafi verið að skemmta sér í umrætt sinn en þegar þau hafi komið heim hafi ákærði hringt í þau og það hafi verið

ákveðið að hann myndi koma til þeirra. Ákærði hafi komið til þeirra með bjór sem þau hafi drukkið og þau hafi einnig tekið kókaín sem ákærði hafi komið með. Vitnið sagði að það og brotþoli hafi síðan farið að sofa og þá hafi ákærði verið vakandi frammi í stofu. Þau hafi sagt við hann að þau væru farin að sofa og að þau vildu frá frið. Vitnið og brotþoli hafi kveikt á mynd í tölvu en síðan sofnað. Vitnið kvaðst síðan hafa vaknað við öskur í brotþola og þá hafi ákærði verði uppi í rúminu þeirra. Vitnið kvaðst hafa snúið bakinu í brotþola og hún hafi gripið í vitnið. Ákærði, sem hafi verið með opin augun, hafi þá lagst niður og reynt að fela sig. Vitnið kvaðst ekki hafa áttað sig strax á því hafi hefði gerst en ákærði hafi farið fram, klætt sig og farið út úr íbúðinni. Það hafi liðið að hámarki fimm mínútur frá því að vitnið hafi vaknað og þar til ákærði hafi verið farinn út úr íbúðinni. Vitnið sagði að brotþoli hafi sagt að hún hafi vaknað með ákærða inn í sér. Vitnið kannaðist við myndbandið þar sem það var að taka kókaín af rasskinn brotþola. Vitnið sagði að ákærði hefði áður gist í íbúðinni eftir samkvæmi og hann hefði sofið í sama rúmi og vitnið fyrir atvikið. Vitnið kvaðst aldrei hafa orðið var við eitthvað óvenjulegt hjá ákærða svo sem að hann gengi í svefni. Ákærði hafi verið besti vinur vitnisins og það hafi treyst honum.

Vitnið, D fyrrum sambýliskona ákærða, kvaðst hafa rætt við ákærða í síma um morguninn þegar atvikið varð og það hafi gerst fyrir kl. 10:00. Hún hafi þá verið stödd úti á landi og ákærði hafi hringt tvö myndsimtöl í hana. Í fyrra símtalinu hafi hún séð að ákærði hafi ekki verið heima hjá sér og hann hafi verið kynferðislega örvaður þ.e. graður, getnaðarlimur hans í fullri reisu og ákærði hafi viljað stunda símakynlíf sem vitnið hafi ekki verið tilbúið til. Ákærði hafi ekki verið í fötum á neðri hluta líkamans og í seinna símtalinu hafi hann verið að snerta sig. Vitnið kvaðst hafa séð að ákærði hafi verið undir áfengisáhrifum og líklega hafi hann einnig verið undir áhrifum kókaíns. Hann hafi ekki litið út fyrir að vera þreyttur. Daginn eftir atvikið hafi vitninu fundist ákærði lítill í sér og hann hafi m.a. verið að halda í hendi vitnisins sem hafi verið óvenjulegt og vitninu hafi fundist ákærði einkennilegur. Hann hafi þá spurt hvort vitnið vildi vita hvað hefði gerst og þá sagt að brotþoli og kærasti hennar segðu að hann hefði farið inn í brotþola en hann hafi sagst ekki muna það.

Vitnið kvaðst hafa búið með ákærða í rúmlega eitt ár og sambúðin hafi verið stormasöm. Hún sagði að ákærði hafi gengið tvisvar í svefni og þá hafi hann verið búinn að neyta

áfengis. Ákærði hafi hugsanlega leitað á vitnið í svefni en þau hafi ekki rætt það hvort ákærði hafi verið sofandi þegar það hafi hugsanlega gerst. Ákærði hafi hætt ef vitnið hafi tekið hendur hans í burtu þegar hann hafi verið að leita á vitnið. Kynlífið hafi ekkert verið öðruvísi þegar ákærði hafi talið sig hafa verið sofandi. Hann hafi stundum sagt að hann myndi ekki hluti en vitnið hafi ekki vitað hvort það hafi verið rétt hjá honum.

Vitnið, B, kvaðst þekkja brotaþola og kærasta hennar og vitnið og brotaþoli væru góðir vinir. Vitnið kvaðst hafa fengið hringingu frá brotaþola umræddan morgun og hún hafi spurt hvort vitnið gæti sótt hana. Það hafi verið augljóst að það væri eitthvað alvarlegt í gangi. Vitnið hafi flýtt sér heim til brotaþola og þar hafi hún og kærasti hennar komið út í bifreið vitnisins. Þau hafi bæði verið í uppnámi og sagt vitninu hvað hefði gerst. Brotaþoli hafi sagt vitninu að hún hafi vaknað við ákærða inn í sér og hann hafi komið úr öðru herbergi. Þegar vitnið hafi vaknað hafi hún vakið kærasta sinn með látum en ákærði hafi látið eins og ekkert hefði gerst. Vitnið kvaðst aldrei áður hafa séð brotaþola í sambærilegu ástandi og hún hafi verið í umrætt sinn. Vitnið og kærasti hennar hafi lagt að brotaþola að fara á sjúkrahús til sýnatöku en hún hafi sagst vera ógeðsleg og viljað fara í sturtu. Vitnið og kærasti hennar hafi loks getað sannfært brotaþola um að fara á sjúkrahús og vitnið hafi ekið brotaþola á Neyðarmóttöku. Vitnið sagði að atvikið hafi haft mikil áhrif á brotaþola en áður hafi hún alltaf verið glöð og tilbúin í að gera hluti en eftir atvikið væri hún ekki virk og ekki tilbúin í að gera hluti. Brotaþoli hringi stundum grátandi í vitnið og spyrji hvort þau geti farið á rúntinn.

Vitnið, E vinkona brotaþola, sagði að brotaþoli hefði hringt í vitnið skömmu eftir atvikið og lýst því að æskuvinur brotaþola hafi verið að hafa við hana samfarir þegar hún hafi vaknað. Ákærði hafi fengið að gista og brotaþoli vaknað við að ákærði hafi verið að hafa við hana kynmök sem brotaþoli hafi ekki verið samþykkt. Þegar brotaþoli hafi skýrt vitninu frá þessu hafi hún verið sár og í áfalli. Eftir atvikið hafi brotaþoli átt erfitt, verið með kvíða og þunglyndi og glímt við svefnleysi.

Vitnið, F móðir brotaþola, sagði að brotaþoli hafi hringt í vitnið í vinnuna og verið í miklu uppnámi. Hún hafi verið grátandi og sagt að hún hafi vaknað með ákærða inn í sér án þess að lýsa því nánar. Eftir þetta hafi brotaþoli átt erfitt m.a. grátið mikið og verið uppstökk.

Vitnið, G móðir ákærða, lýsti því að ákærði hafi gengið í svefni með opin augun. Þá hafi verið hægt að fá hann til að gera einhverja hluti í svefni. Þessi eiginleiki hafi ágerst á unglingsaldri þegar ákærði hafi farið að neyta vímuefna og hafi hann enn verið með þessi einkenni þegar hann hafi flutt að heiman um tvítugt. Vitnið kvaðst hafa rætt þetta við kærstur ákærða og þær hafi kannast við þetta. Þegar ákærði hafi gengið í svefni hafi ekki verið hægt að ræða við hann og stundum hafi þurft að róa hann og hafi það getað tekið allt að eina klukkustund.

Vitnið, [...] sálfræðingur, staðfesti matsgerð sína. Vitnið sagði að áfengi, vímuefni og svefnleysi gætu skipt máli varðandi háttsemi ákærða og ýtt undir slíka háttsemi. Menn með kynferðislega svefnröskun gætu gengið í svefni og síðan stundað kynlíf. Óvenjulegar aðstæður geti einnig ýtt undir slíka háttsemi. Einstaklingar með þessi einkenni séu ómeðvitaðir um það sem þeir geri en þetta gerist í djúpsvefni fljótlega eftir að viðkomandi sofnar. Vitnið sagði að svefnrannsóknin sem hafi farið fram á ákærða hafi ekki verið afgerandi um það að umrædd einkenni væru til staðar hjá ákærða.

Vitnin, [...] taugalæknir og [...] geðlæknir, staðfestu yfirmatsgerð sína. [...] sagðist hafa meðhöndlað sjúklinga með parasomniu. Hann sagði að háttsemi ákærða skýrðist ekki af kynferðislegri svefnröskun. Einstaklingur með þessa röskun vakni upp ráðvilltur og það ástand geti varað í 3-30 mínútur og á þeim tíma sé viðkomandi í annarlegu ástandi. Atburðarrásin í tilfelli ákærða samrýmist því ekki að hann hafi verið í slíku ástandi. Ákærði hafi fyrir verknaðinn farið í gegnum tvær dyr og síðan haft kynmök og þá hafi hann ekki verið vanur að sofa þar sem atvikið hafi átt sér stað. Atburðarrásin hjá ákærða hafi verið skýr og skipulögð m.a. hafi hann gengið fram hjá öðrum hurðum á leið sinni inn í herbergi brotaþola og síðan farið réttu megin við rúmið hjá henni. Sambærileg háttsemi sé algengust við venjulegan svefn en breyting á honum t.d. vegna lyfja geti komið þessu af stað og áfengi og önnur vímuefni geti ýtt undir þetta.

Vitnið [...] sagði að líklega væri ákærði með þessa tegund af svefnröskun. Varðandi verknað hans í umrætt sinn hafi aðrir þættir en röskunin verið ráðandi. Þar hafi neysla áfengis og kókaíns haft afgerandi áhrif. Venjulegar svefnaðstæður séu þegar viðkomandi sofi hjá sambýliskonu sinni. Í tilviki ákærða hafi aðstæður verið flóknar þ.e. hann hafi

farið á milli herbergja og lagst upp í rúm í öðru herbergi. Þegar einstaklingur með þessa röskun vakni sé hann hálf ruglaður og viti ekki hvar hann sé.

VI

Kröfur og sjónarmið ákærða.

Verjandi ákærða skilaði greinargerð. Verjandinn gerir aðallega þá kröfu að ákærði verði sýknaður af kröfum ákæruvaldsins en til vara, komi til sakfellingar, er krafist vægstu refsingar sem lög frekast heimila og hún verði að öllu leyti skilorðsbundin. Þá er þess krafist aðallega að einkaréttarkröfu brotþola verði vísað frá dómi, til vara að ákærði verði sýknaður af kröfunni og til þrautavara að bótakrafan verði lækkuð verulega. Loks er þess krafist að allur sakarkostnaður verði greiddur úr ríkissjóði þ.m.t. málsvarnarlaun verjandans samkvæmt mati dómsins.

Ákærði byggir sýknukröfu sína aðallega á því að ákæruvaldið hafi ekki fullnægt þeirri sönnunarbyrði sem á því hvíli, sbr. 108. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála. Ákærði neiti sök og ekkert vitni hafi verið að atvikinu. Brotþoli beri þess ekki merki að um kynferðismök án samþykkis hafi verið að ræða. Þá hafi lögregla ekki leitað eftir því hvort brotþoli hafi átt frumkvæðið að kynmökunum. Þá tekur ákærði fram að mikið ósamræmi sé í tímasetningum hjá brotþola annars vegar og hins vegar vitna og bankayfirlita. Þá hafi ákærði og vitni upplýst að hann hafi áður stundað kynlíf í svefni. Þá tekur verjandi fram að nauðgun sé ekki refsiverð nema hún sé framin af ásetningi og hann verði að ná til allra efnispátta brots.

VII

Niðurstaða.

Samkvæmt 108. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála hvílir sönnunarbyrði um sekt ákærða og atvik, sem telja má honum í óhag, á ákæruvaldinu. Þá metur dómari hverju sinni hvort nægileg sönnun, sem ekki verði véfengd með skynsamlegum rökum, sé fram komin um hvert það atriði sem varðar sekt og ákvörðun viðurlaga við broti, þar á meðal hvaða sönnunargildi skýrslur ákærða hafa, vitnisburður, mats- og skoðunargerðir, skjöl og önnur sýnileg sönnunargögn. Enn fremur metur dómari ef þörf krefur hvert sönnunargildi þær staðhæfingar hafa sem varða ekki beinlínis það atriði sem sanna skal en ályktanir má leiða af um það, sbr. 1. og 2. mgr. 109. gr. laganna. Þá skal dómur reistur

á sönnunargögnum sem færð eru fram við meðferð máls fyrir dómi, sbr. 1. mgr. 111. gr. laganna.

Í kjölfar atviksins þ.e. sama dag og það varð leitaði brotþoli á [...] og ræddi þar við hjúkrunarfræðing sem hafði samband við vakthafandi á Neyðarmóttöku Landspítalans vegna kynferðisofbeldis. Var brotþola bent á að koma þangað og var hún komin þangað kl. 16:00. Þar lýsti hún því í viðtali við hjúkrunarfræðing að hún, kærasti hennar og vinur þeirra, ákærði í máli þessu, hafi verið á heimili brotþola og kærasta hennar. Hún hafi farið að sofa ásamt kærasta sínum í sama rúmi inni í þeirra herbergi og þau sofnað. Hún hafi verið nakin þegar hún hafi farið að sofa en síðan vaknað við það að ákærði hafi verið að hafa við hana samfarir um leggöng. Hún hafi þá „fríkað“ út, stokkið upp og ofan á kærasta sinn sem hafi vaknað við það. Hún hafi sagt kærastanum hvað hafði gerst en ákærði hafi neitað, sagst hafa verið sofandi og ekkert hafi gerst. Ákærði hafi síðan yfirgefið íbúðina. Í skýrslunni kemur fram að brotþoli hafi gefið góða og skýra sögu.

Í farsíma brotþola fundust samskipti hennar við ákærða frá 25. maí 2021 eða tveimur dögum eftir að atvik urðu. Þar spyr brotþoli af hverju hún vakni við þetta frá ákærða og hún sé búin að missa allt traust á karlmönnum og hún geti ekki lýst því hvernig henni líði. Hún hefði aldrei búist við þessu frá vini sínum. Ákærði segir að honum líði hræðilega vegna þessa og þá segir brotþoli að ákærði sé ekki einn um það að líða illa. Þá segir brotþoli að það hafi verið tekið skýrt fram að hún og kærasti hennar hafi verið að fara að sofa og ákærði ætti ekki að koma inn til þeirra en samt hafi hann komið þangað. Þetta hafi gerst án samþykkis hennar og hún vaknað við það. Þá segir brotþoli að þetta hafi verið langt yfir öll strik og það versta sem ákærði hafi getað gert henni eða öllu heldur þeim. Hún hafi aldrei verið jafn ónýt andlega og hún vilji óska þess að þetta hefði aldrei gerst því svona geri maður ekki við neinn. Brotþoli myndi vilja að þetta væri allt einn stór glataður draumur sem hún ætti eftir að vakna upp af. Það sé ömurlegt að þurfa að standa í þessu og díla við þetta.

Að kvöldi 26. maí 2021 átti brotþoli í samskiptum við þáverandi kærustu ákærða. Kærastan kveðst vilja heyra frá brotþola um það hvernig þetta hafi verið og hvað hefði gerst. Brotþoli svarar að henni langi lítið til að rifja þetta upp en í stuttu máli hafi þetta verið þannig að hún og kærasti hennar hafi farið inn í herbergi og gert ákærða grein fyrir

því að þau væru að fara að sofa og hann ætti ekki að koma inn til þeirra. Brotapoli hafi síðan vaknað við einhvern inn í sér og haldið í fyrstu að það væri kærasti hennar en þegar hún hafi opnað augun hafi hún séð kærasta sinn sofandi fyrir framan sig. Þá hafi hún áttað sig á því hvað væri í gangi og „fríkað“ út, ýtt ákærða frá sér og stokkið á kærasta sinn til að vekja hann. Brotapoli segist vera andlega í rusli og geti ekki einu sinni lýst því hvernig henni líði. Hún skilji þetta ekki því ákærði sé vinur þeirra beggja og hún hafi meira að segja greitt leigubílinn fyrir hann til [...] vegna þess að brotapolá hafi þótt vænt um ákærða.

Fyrir dómi lýsti brotapolí því að hún og kærasti hennar hafi farið að sofa en ákærði þá verið enn vakandi. Þau hafi tekið það skýrt fram við ákærða að hann mætti ekki koma inn í þeirra herbergi þar sem þau hafi verið þreytt og viljað fá frið. Ákærði hafi þá verið fram í stofu og meira tilbúinn í frekari skemmtun en brotapolí og kærasti hennar. Brotapoli kvaðst síðan hafa vaknað með einhvern inn í sér með harðan getnaðarlim og talið að það væri kærasti hennar. En hann hafi þá verið fyrir framan hana en ákærði fyrir aftan hana og það hafi verið hann sem hafi verið með getnaðarlim sinn í leggöngum brotapolá. Hún hafi vakið kærasta sinn með látum og ákærði þá verið fljótur að klæða sig og koma sér út úr íbúðinni. Brotapoli sagði að ákærði hafi verið vakandi þegar hún hafi vaknað og vitað af sér þegar hann hafi nauðgað henni. Brotapoli lýsti því að atvikið hefði haft mjög slæmar andlegar afleiðingar fyrir hana. Brotapoli lýsti atvikum mjög á sama veg hjá lögreglu rúmum hálfum mánuði eftir að atvik urðu. Tímasetningar hjá brotapolá í skýrslu hjá lögreglu eru að öllum líkindum ekki að öllu leyti réttar en að öðru leyti skýrði hún mjög á sama veg frá á Neyðarmóttöku, hjá lögreglu og fyrir dómi. Þá lýsti brotapolí því í samskiptum við ákærða og þáverandi kærustu hans tveimur og þremur dögum eftir að atvikið varð að ákærði hafi brotið gegn henni. Ekkert þykir fram komið í málinu sem getur dregið úr sönnunargildi framburðar brotapolá enda var hann stöðugur og er hann metinn trúverðugur. Þá er ekkert fram komið í málinu sem bendir til þess að framburðurinn sé rangur um það sem mestu máli skiptir þ.e. að ákærði hafi haft samræði við brotapolá án samþykkis hennar.

Sambylismaður brotapolá lýsti því á sama veg og brotapolí að þau hafi farið að sofa og sagt við ákærða að þau vildu fá frið. Sambylismaðurinn, sem hafi snúið bakinu í brotapolá, kvaðst síðan hafa vaknað við öskur í henni en þá hafi ákærði verið uppi í

rúminu hjá þeim. Hann hafi þá verið með opin augun en lagst niður og reynt að fela sig. Ákærði hafi síðan farið út úr herberginu, klætt sig og yfirgefið íbúðina. Brotapoli hafi sagt sambýlismanni sínum að hún hafi vaknað með ákærða inn í sér.

Vinur brotápola kvaðst hafa fengið hringingu frá henni umræddan morgun og það hafi verið augljóst að það væri eitthvað alvarlegt í gangi. Samkvæmt beiðni brotápola hafi vinurinn farið til hennar og sambýlismanns hennar sem hafi komið út í bifreið vinarins. Þau hafi bæði verið í uppnámi og sagt vininum hvað hefði gerst. Brotapoli hafi sagt að hún hafi vaknað með ákærða inn í sér og þá vakið sambýlismann sinn með látum en ákærði hafi látið eins og ekkert hefði gerst. Vinurinn kvaðst aldrei áður hafa séð brotápola í sambærilegu ástandi og hún hafi verið í umrætt sinn. Hún hafi ekki viljað fara á sjúkrahús en eftir fortölur vinarins og sambýlismanns hennar hafi vinurinn ekið henni þangað. Hann sagði að atvikið hafi haft mikil andleg áhrif á brotápola til hins verra.

Vinkona brotápola lýsti því að brotapoli hefði hringt í vinkonuna skömmu eftir atvikið og lýst því að æskuvinur brotápola hafi verið að hafa við hana samfarir þegar hún hafi vaknað. Ákærði hafi fengið að gista hjá brotápola en hún síðan vaknað við það að ákærði hafi verið að hafa við hana kynmök sem brotapoli hafi ekki verið samþykkt. Þegar brotapoli hafi skýrt vinkonunni frá þessu hafi hún verið í áfalli og eftir atvikið hafi brotapoli átt erfitt andlega. Móðir brotápola sagði að hún hafi hringt í móður sína grátandi og í miklu uppnámi. Brotapoli hafi tjáð móður sinni að hún hafi vaknað með ákærða inn í sér. Eftir þetta hafi brotapoli átt erfitt andlega.

Samkvæmt niðurstöðu úr DNA rannsókn á sýni sem tekið var úr leggöngum brotápola fannst í sýninu DNA snið ákærða.

Samkvæmt vottorði sálfræðings var brotapoli í viðtölum sumarið 2021. Þar skýrði brotapoli frá kynferðisbrotnu og andlegum erfiðleikum í kjölfar þess. Hún hafi m.a. upplifað hjálparleysi, hræðslu, skömm og óöryggi. Í viðtölum hafi brotapoli greint frá einkennum áfallastreitu og endurupplifunareinkennum. Þá sérstaklega tíðum ágengum minningum um meint brot og sterkum líkamlegum viðbrögðum þegar eitthvað minnti hana á brotið. Brotapoli skýrði einnig frá forðunareinkennum en hún hafi forðast að hugsa og tala um atburðinn. Hún greindi jafnframt frá neikvæðum viðhorfum til annarra,

sjálfsásakandi hugsunum og neikvæðum tilfinningum t.d. skömm og ótta. Þá hafi brotapolí átt erfitt með einbeitingu og svefn. Öll þessi einkenni hafi valdið henni miklu uppnámi og truflun í daglegu lífi. Um þremur mánuðum eftir brotið hafi brotapolí enn verið með alvarleg áfallastreitueinkenni. Loks kemur fram í vottorðinu að sálræn einkenni brotapóla í kjölfar áfallsins samsvari einkennum sem þekkt séu hjá fólki sem hafi upplifað alvarleg áföll eins og líkamsárás, nauðgun, stórslys eða hamfarir. Ljóst sé að atburðurinn hafi haft víðtæk áhrif á líðan brotapóla.

Að öllu ofanrituðu virtu telst það hafið yfir skynsamlegan vafa og þar með sannað að ákærði hafi haft samræði við brotapolá. Það gerði hann þar sem brotapolí lá við hliðina á kærasta sínum upp í þeirra rúmi. Þykir afar ósennilegt að við þær aðstæður hafi brotapolí samþykkt að hafa samræði við ákærða. Ekkert er fram komið í málinu um það að eitthvað kynferðislegt hafi verið á milli ákærða og brotapóla enda báru þau bæði á móti því fyrir dómi. Samkvæmt þessu var ekkert fram komið sem gefið gat ákærða réttmæta ástæðu til þess að ætla að brotapolí hefði áhuga á því að eiga við hann kynferðislegt samneyti. Þannig er ekkert fram komið í málinu sem bendir til þess að brotapolí hafi samþykkt að hafa samræði við ákærða og ekkert sem gat gefið honum tilefni til þess að ætla að samþykki brotapóla fyrir samræði væri fyrir hendi. Afdráttarlaust samþykki, sem tjáð er af frjálsum vilja, fyrir samræði er algert skilyrði þess að það verði ekki talið nauðgun, sbr. 194. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærði, brotapolí og sambýlismaður hennar hafa öll lýst því að þau hafi öll neytt áfengis og að öllum líkindum hafa þau einnig neytt fíkniefna áður en þau fóru að sofa sem er í samræmi við framburð þeirra allra. Niðurstöður úr rannsóknum á blóðsýni brotapóla staðfesta þetta hvað hana varðar. Allt bendir til þess að brotapolí hafi ekki verið búin að sofa lengi þegar hún vaknaði við það að ákærði var að hafa við hana samræði. Þykir því sannað að hún hafi ekki getað spornað við verknaði ákærða sökum svefndruna enda verður ekki séð að hún hafi orðið var við það þegar ákærði kom upp í rúm til hennar.

Með vísan til alls ofanritaðs þykir sannað að ákærði hafi haft samræði við brotapolá án hennar samþykkis og notfært sér það að þannig var ástatt um hana að hún gat ekki spornað við verknaðinum sökum svefndruna. Ákærði hefur borið því við að hann hafi ekki vitað um það þegar hann hafði samræði við brotapolá og líklega skýrist það af því

að hann sé haldinn kynferðislegri svefnröskun (sexsomnia). Ásetningur hans hafi því ekki staðið til þess að brjóta gegn brotþola og því séu ekki skilyrði til þess að sakfella hann, sbr. 18. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Því stendur eftir að taka afstöðu til þessa og þá hvort sýkna beri ákærða vegna þess að hann hafi skort ásetning til verknaðarins.

Eins og rakið hefur verið liggja fyrir í málinu matsgerð og yfirmatsgerð. Í yfirmatsgerð kemur fram að Parasomnia sé heiti á ósjálfráðum fyrirbærum og hegðun sem geti átt sér stað í svefni og þá yfirleitt síðla nætur. Undir hugtakið falli m.a. að ganga í svefni og ýmis konar kynferðislegt athæfi svo sem að leita á maka, tilraunir til sjálfsfróunar, sem er algengast, en sem sjaldnast er lokið og tilraunir til að leita samfara með rekkjunaut sínum og við samþykki maka getur viðkomandi jafnvel haft samfarir. Þegar viðkomandi vakni síðan eða sé vakinn í þessu ástandi hafi hann ekki vitneskju um hug sinn, gerðir né sé hann meðvitaður um athafnir sínar og muni ekki eftir þeim. Yfirmatsmenn telja að ákærði geti þegar hann sé í venjulegum svefni við venjulegar svefnaðstæður sýnt af sér tilburði til kynlífs í svefni og framkvæmt slíkt í svefni án þess að vera meðvitaður um það eða minnst þess daginn eftir. Hins vegar telja yfirmatsmenn að aðstæður hafi verið þannig þegar ákærði framdi brot sitt að „dæmigerð“ svefnröskun af völdum parasomni skýri ekki gjörðir hans. Ákærði hafi þá ekki verið við venjulegar svefnaðstæður venjulegs nætursvefns heldur hafi verið um að ræða óvenjulegar aðstæður þar sem áhrifamiklir þættir á svefn, svo sem svefnleysi, aukin kynhvöt og hvatvísi hafi verið til staðar hjá ákærða vegna áfengis- og fíkniefnaneyslu og hafi þetta verið veigamiklir áhrifaþættir. Þá telja yfirmatsmenn að atburðarásin eins og henni sé lýst af ákærða, brotþola og kærasta hennar líkist ekki þeim óhnitmiðuðu einkennum eða hegðun sem lýst sé í „hefðbundnum“ klínískum lýsingum á parasomni og/eða sexsomni tilvikum eins og þeim hefur verið lýst af aðstandendum við venjulegan svefn í rannsóknum og heimildum og ólíkt þeim fáu dæmum sem hefur verið lýst með myndbandsrannsóknum á svefnrannsóknarstofum. Yfirmatsmenn telja að atburðarásin þegar ákærði framdi brot sitt sé of flókin í tíma, of flókin húsnaðislega, of einbeitt og markmiðsmiðuð til að geta skýrst einvörðungu af parasomni ástandi. Yfirmatsmenn segja að þegar ákærði sofi við venjulegar svefnaaðstæður og nái svefnstigi NREM3 geti hann haft kynmök við maka sem sé móttækilegur fyrir kynmökum á þeirri stundu og framkvæmir þau á þeim forsendum sem sexsomni kynmökum fylgi. Hins vegar telja yfirmatsmenn ekki að

svefnröskun, parsomnia/sexsomnia, hafi verið megin orsök ástands ákærða við brot hans né skýri hegðun hans að fullu. Yfirmatsmenn segja að það sé ósennilegra en sennilegra að ákærði hafi verið sofandi þegar hann framdi brot sitt þar sem atburðarrásin hafi verið of meðvituð, markviss og skipulögð fyrir hefðbundin sexsomniu fyrirbæri. Atburðarrásin beri með sér skipulega leit að brotþola, frá því að rísa upp, fara úr einu herbergi í annað, gegnum ólæstar dyr og finna brotþola réttu megin í rúminu og framkvæma verknaðinn. Þá taka yfirmatsmenn fram að við klínískt mat á því hvort parasomnia hafi átt sér stað sé lagt upp úr að viðkomandi „vakni“ þegar ástandinu lýkur, líkt og vakinn upp úr svefni og flestir séu óáttaðir og sýni furðuviðbrögð. Viðbrögðum ákærða sé lýst þannig að hann hafi lagst niður og látist sofa en síðan risið upp og yfirgefið herbergið. Ef lagt sé mat á þetta sé eins og ákærði hafi lesið í aðstæður þannig að óæskilegur gjörningur hafi átt sér stað og það teljist ekki dæmigert fyrir einstakling sem vakni upp í sexsomniu ástandi.

Fallist er á það með yfirmatsmönnum að ákærði geti þegar hann sé í venjulegum svefni við venjulegar svefnaðstæður sýnt af sér tilburði til kynlífs í svefni og framkvæmt slíkt í svefni með gagnaðila, sem sé fús til þess, án þess að vera meðvitaður um það eða muna eftir því daginn eftir. Ákærði var hins vegar ekki í venjulegum svefni við hefðbundnar aðstæður umrætt sinn en hann var m.a. undir áhrifum vímuefna og ekki með manneskju sem hann stundaði reglulega kynlíf með og tók þátt í því. Ákærði hefur lýst því að hann hafi sofnað í öðru herbergi en brotþoli en síðan vaknað upp í rúmi hjá henni. Hann tók það einnig fram að hann hafi ekki áður gengið á milli herbergja í svefnröskunarástandi og síðan stundað kynlíf. Brotþoli og sambýlismaður hennar hafa lýst því að þau hafi lokað herbergi sínu þegar þau hafi farið að sofa. Þá hefur ákærði lýst því að hann hafi verið í öðru herbergi og þaðan hringt í fyrrum sambýliskonu sína og viljað stunda símakynlíf með henni en hún ekki verið fús til þess. Hann hafi verið með getnaðarliminn í reisu, stundað sjálfsfróun og fengið fullnægingu. Þykir líklegt með hliðsjón af þessu að ákærði hafi lokað að sér við þessar aðstæður þar sem fleira fólk var í íbúðinni. Þá gerðist þetta í íbúð þar sem ákærði bjó ekki þó hann þekkti þar til. Til þess að komast inn í herbergi til brotþola þurfti ákærði því að fara um tvær dyr, sem voru líklega báðar lokaðar, framhjá fleiri dyrum, fara réttu megin að rúmi brotþola og koma sér fyrir í rúminu þannig að hann gæti haft samræði við brotþola. Hún lýsti því að rúmið hafi líklega verið 160 eða 180 cm breitt sem er hefðbundin breidd á rúmunum. Í rúminu voru tvær fullorðnar manneskjur áður en ákærði kom sér þar fyrir. Burtséð frá því hvað rúmið

var breitt er augljóst að ekki hefur verið þar mikið pláss fyrir ákærða og hann því þurft að hafa eitthvað fyrir því að búa til rými fyrir sig og koma sér í stellingu til að geta haft samræði við brotþola. Loks þurfti ákærði að koma getnaðarlim sínum inn í leggöng brotþola þar sem hún var sofandi og ekkert bendir til þess að hún hafi tekið þátt í samræðinu. Þetta þykir eindregið benda til þess að athafnir ákærða hafi verið skipulagðar og hann hafi ætlað sér að hafa samræði við brotþola og því er fallist á það með yfirmatsmönnum að svefnröskun (paresomnia/sexsomnia) skýri ekki hegðun ákærða í umrætt sinn. Þá benda viðbrögð ákærða, eins og upplýst er um þau, eftir að brotþoli vaknaði ekki til þess að hann hafi verið í svefnröskunarástandi þegar hann framdi brot sitt. Eftir að einstaklingur hefur stundað kynmök í slíku ástandi vaknar hann upp ringlaður og er talið að það geti tekið hann allt upp í 30 mínútur að komast að fullu til sjálfs síns og átta sig á því hvað hafi gerst. Ákærði hefur sjálfur skýrt frá því að þegar hann hafi vaknað hafi brotþoli verið í miklu uppnámi en ekki verður séð að hann hafi leitað skýringa á því hvers vegna það hafi verið heldur orðið strax við tilmælum sambýlismanns brotþola og yfirgefið íbúðina innan örfárra mínútna. Verður að telja líklegt að hafi ákærði verið sannfærður um að hafa ekki brotið af sér hefði hann reynt að átta sig á hvað hafði gerst og reynt að gera grein fyrir sínu máli enda voru það vinir hans sem áttu hlut að máli. Þvert á móti virðist ákærði hafi yfirgefið íbúðina í flýti og forðast að ræða við brotþola og kærasta hennar. Bendir það ekki til þess að ákærði hafi verið í annarlegu ástandi (svefnröskunarástandi).

Þrátt fyrir að hvorki ákærði né brotþoli eða kærasti hennar hafi getað gefið upp tímasetningar þegar atvik urðu, enda voru þau öll undir áhrifum áfengis og fíkniefna, liggja fyrir nokkur atriði hvað framvindu málsins varðar. Samkvæmt rannsókn á síma ákærða hringdi brotþoli myndsiðtal í ákærða kl. 04:59, aftur kl. 05:10 og enn og aftur kl. 05:29 en þá var ekki svarað. Ákærði kvaðst hafa verið kominn á heimili brotþola um kl. 06:00 um morguninn og hann hafi verið búinn að vera þar í þrjár til fjórar klukkustundir þegar hann hafi sofnað. Eins og fram er komið greiddi brotþoli leigubifreið fyrir ákærða þegar hann kom til hennar og samkvæmt gögnum málsins gerði hún það kl. 06:12 og þá hefur ákærði verið kominn á heimili brotþola. Það kemur heim og saman við hreyfiskynjara í síma ákærða en regluleg hreyfing var á símanum frá miðnætti og þar til kl. 05:27 en eftir það var næsta hreyfing kl. 06:11. Á þessu tímabili hefur ákærði að öllum líkindum verið í leigubifreiðinni á leið að heimili brotþola. Kl.

07:05 var tekið myndband á síma ákærða þar sem kærasti brotaþola var að sjúga línu af hvítu dufti af rasskinn brotaþola sem var kókaín samkvæmt framburði ákærða, brotaþola og kærasta hennar. Ákærði hringdi myndsímtal í brotaþola kl. 07:20 en því var ekki svarað. Þá hringdi ákærði kl. 07:49 myndsímtal í tengiliðinn G og símtalið eða tengingin stóð yfir í sjö mínútur. Þá skýrði ákærði frá því að hann hafi hringt tvívegis í fyrrum kærustu sína áður en hann fór að sofa og vildi hann stunda með henni símakynlíf sem hún var ekki fús til. Bendir allt til þess að þau símtöl hafi verið eftir símtalið kl. 07:49. Ekki er líklegt að kærasti brotaþola hafi farið að sofa strax í kjölfarið á því að hann tók inn kókaín sem er örvandi efni. Því standa líkur til þess að brotaþoli og kærasti hennar hafi ekki farið að sofa fyrr en í fyrsta lagi á milli klukkan átta og níu. Þegar þau gengu til náða átti ákærði alla vega eftir að hringja tvö símtöl í fyrrum kærustu sína og brotaþoli og kærasti hennar báru bæði um það að þegar þau hafi farið að sofa hafi ákærði verið meira til í að skemmta sér en þau. Eftir klukkan 06:11 var regluleg en lítil hreyfing á síma ákærða þar til kl. 07:57. Ákærði hringdi kl. 10:15 myndsímtal í H og standa líkur til þess að ákærði hafi hringt í H í þeim tilgangi að fá hann til að sækja sig á heimili brotaþola. Næsta hreyfing á síma ákærða eftir kl. 07:57 mældist kl. 10:23 og kl. 10:45 kemur aftur hlé á hreyfingu símans í 38 mínútur eða til kl. 11:23 og standa líkur til þess að á því tímabili hafi ákærði verið í leigubifreið á leið heim til sín í Hafnarfjörð. Hann greiddi fyrir leigubifreið kl. 11:23. Af framanrituðu má draga þá ályktun að ákærði hafi haft samræði við brotaþola klukkan rúmlega 10:00 og þá hafi hann ekki verið búinn að sofa lengi hafi hann á annað borð sofnað. Svefnröskunin sexsomnia á sér stað í djúpsvefni og samkvæmt svefnrannsókn, sem ákærði fór í, var djúpsvefn til staðar hjá honum undir morgun en oftast er hann ríkjandi fyrri part nætur. Hafi ákærði sofnað, telur dómurinn engar líkur á því, að frá þeim tíma sem hann hefur þá líklega sofnað og þar til hann hafði samræði við brotaþola að hann hafi komist í kynferðislegt svefnröskunarástand.

Eins og fram er komið gaf ákærði þrívegis skýrslu hjá lögreglu og ávallt að viðstöddum verjanda sínum. Í þessum skýrslutökum kom aldrei fram hjá ákærða að hann væri haldinn kynferðislegri svefnröskun en verjandi hans tók fram að hann ætti það til að ganga í svefni. Það var ekki fyrr en málið kom fyrir dóm að því var haldið fram af hálfu ákærða að hann væri haldinn kynferðislegri svefnröskun.

Að öllu ofanrituðu virtu er það mat dómsins að ekkert hald sé í þeirri vörn ákærða að hann hafi framið verknað sinn í ástandi sem skýrist af því að hann sé haldinn kynferðislegri svefnröskun og því hafi hann skort ásetning til samræðis við brotþola. Dómurinn telur, þrátt fyrir neitun ákærða, með vísan til alls framanritaðs að það sé hafið yfir skynsamlegan vafa og þar með sannað að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi sem honum er gefin að sök í ákæru og þar er réttilega heimfærð til 2. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Samkvæmt ákvæðinu telst það einnig nauðgun og varða sömu refsingu og mælt er fyrir um í 1. mgr. ákvæðisins að beita blekkingum eða notfæra sér villu viðkomandi um aðstæður eða að notfæra sér geðsjúkdóm eða aðra andlega fötlun manns til þess að hafa við hana samræði eða önnur kynferðismök, eða þannig er ástatt um hann að öðru leyti að hann getur ekki spornað við verknaðinum eða skilið þýðingu hans. Hefur ákærði unnið sér til refsingar í samræmi við þetta.

Ákærði hefur ekki áður sætt refsingu sem skiptir máli við ákvörðun refsingar í máli þessu. Við ákvörðun refsingar verður til refsipýngingar litið til 1., 2., 3. og 6. töluliðar 1. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 en brot ákærða var gróft, hafði alvarlegar afleiðingar fyrir brotþola og með brotinu braut ákærði gróflega gegn kynfrelsi hennar og því trausti sem hún bar til hans á grundvelli langrar vináttu þeirra. Til mildunar refsingar þykir mega líta til þess að ákærði var samvinnufús við meðferð málsins hjá lögreglu og fyrir dómi, sbr. 5. og 8. tölulið sama ákvæðis. Með vísan til framangreinds þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í tvö ár og sex mánuði. Í ljósi alvarleika brotsins og með hliðsjón af dómafordæmum eru ekki tilefni til að skilorðsbinda refsingu ákærða.

Í málinu gerir brotþoli kröfu til þess að ákærða verði gert að greiða henni miskabætur að höfuðstól 5.000.000 króna auk vaxta og dráttarvaxta. Ákærði hefur verið sakfelldur fyrir alvarlegt brot gegn 2. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og hefur með háttsemi sinni bakað sér bótaábyrgð á grundvelli 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 gagnvart brotþola. Háttsemi ákærða var til þess fallin að valda brotþola miska og með henni braut hann gegn vinkonu sinni sem bar traust til ákærða. Þá má fullyrða með hliðsjón af framburði brotþola og vitna og vottorði sálfræðings, sbr. framanritað, að brot ákærða olli brotþola mikilli andlegri vanlíðan. Þá er brot það sem ákærði hefur verið sakfelldur fyrir ávallt til þess fallið að valda brotþola andlegum þjáningum og þá jafnvel

langvarandi. Með vísan til þessa, atvika málsins og dómafordæma þykir fjárhæð miskabóta til brotþola hæfilega ákveðin 2.000.000 króna, auk vaxta og dráttarvaxta eins og nánar greinir í dómsorði. Ekki verður séð að einkaréttarkrafan hafi verið birt ákærða fyrir en við birtingu ákæru og tekur ákvörðun um dráttarvexti mið af því.

Ákærði greiði allan sakarkostnað þ.m.t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Ómars R. Valdimarssonar lögmanns, sem þykja hæfilega ákveðin með hliðsjón af umfangi málsins 3.314.520 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti. Málsvarnarlaunin taka einnig til starfa verjandans á rannsóknarstigi málsins. Ákærði greiði þóknun skipaðs réttargæslumanns brotþola, Karls Georgs Sigurbjörnssonar lögmanns, sem þykja hæfilega ákveðin 903.960 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti. Ákærði greiði annan sakarkostnað 2.924.599 krónur.

Af hálfu ákæruvalds sótti málið Sigurður Ólafsson aðstoðarsaksóknari.

Ingi Tryggvason héraðsdómari kveður upp dóm þennan ásamt meðdómsmönnum Huldu Árnadóttur héraðsdómara og Alberti Páli Sigurðssyni taugalækni.

D ó m s o r ð:

Ákærði, X, sæti fangelsi í tvö ár og sex mánuði.

Ákærði greiði A 2.000.000 króna auk vaxta samkvæmt 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 23. maí 2021 til 15. október 2022, en með dráttarvöxtum samkvæmt 9. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

Ákærði greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Ómars R. Valdimarssonar lögmanns, 3.314.520 krónur og þóknun skipaðs réttargæslumanns brotþola, Karls Georgs Sigurbjörnssonar lögmanns, 903.960 krónur. Ákærði greiði annan sakarkostnað 2.924.599 krónur.

Ingi Tryggvason
Hulda Árnadóttir
Albert Páll Sigurðsson